



Félag atvinnurekenda
Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2014


Vísa til bréfs FA dags. 21. október sl. og fundar Ríkiskaupa og FA sl. fimmtudag.

Ríkiskaup munu með ánægju verða við ósk FA og skýra stöðu fyrirhugaðra innkaupa á flugferðum og tengdri þjónustu fyrir ríkisstarfsmenn. Ríkiskaup hafa, með hléum frá því í árslok 2012, verið að kanna með hvaða hætti hagkvæmast verði að kaupa þessa þjónustu. Verkefnið er ekki einfalt því nú er markmiðið að taka mið af heildarhagkvæmni innkaupa á þjónustu til og frá endanlegum áfangastað. Ekki nægir að taka tillit til lægsta flugfargjalds til fyrsta viðkomustaðar eins og gert var í fyrra verkefni, heldur þarf að líta til áhrifa framhaldsflugs og heildarferðatíma, sem hefur áhrif á upphæð greiddra dagpeninga og álagsgreiðslna til fugfarþegans. Auk þessa þarf að huga að gjaldi fyrir bókunarþjónustu. Sjónarmið kaupenda innan ríkisgeirans þarf að rannsaka og einnig þjónustufyrirtækja á markaðnum. Í því ljósi er óhagkvæmt fyrir ríkið að festa viðskipti við aðeins eitt fyrirtæki enda þarfir opinberra kaupenda misjafnar og erlendum aðilum, sem fljúga til Íslands, að fjölga.

Nokkrir fundir hafa verið haldnir með hagsmunaaðilum og leitað til nágrannalanda eftir hugmyndum og heppilegum fyrirmyndum. Ýmis álitaefni hafa borið á góma s.s. hvort þyrfi að bjóða þjónustuna út þar sem innkaup flestra opinberra stofnana væru undir viðmiðunarmörkum og þá væri ekki skylt að bjóða þjónustuna út, heldur nægilegt að stofnanir leituðu hagkvæmasta verðs í samræmi við 22 gr. laga um opinber innkaup. Þessi vinna hefur reynst tímafrek og tafsöm af ýmsum ástæðum.

Ríkiskaup geta ekki fullyrt á þessari stundu með hvaða hætti ríkið muni kaupa umrædda þjónustu en eru reiðubúin að taka við tillögum frá Félagi atvinnurekenda um fyrirkomulag slíkra innkaupa.

Virðingarfyllt,
f. h. Ríkiskaupa,


Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri